

Pomp og prakt í Hafnarhúsinu

Listahátíð í Reykjavík 1998 var formlega sett á laugardaginn. Athöfnin fór fram í porti Hafnarhússins sem verið er að breyta í listasafn og í beinu framhaldi af henni var opnuð stór sýning á málverkum eftir Erró í hluta hins tilvonandi safns.

Í flestum myndum Errós ríkir öngþveiti. Allt er í einni þvögu, fólk, teiknimyndir, svipir úr listasögunni, stríðstól og hlutir úr öllum áttum frá ýmsum tímum. Hann teflir gjarnan saman óskyldum heimum – vopnaður her veltur inn í japanska kynlifs-teikningu, geimfarar stilla sér upp með gyðjum aftanúr öldum.

Erró hefur frábært vald á tækninni, bæði teikningunni og málverkinu en það er erfiðara að átta sig á inntakinu. Hann er sögumálari; steypir saman öllum mögulegum sögum. Sumt er auðskilið en til dæmis getur verið erfið að átta sig á teiknimyndasögnum fyrir þá sem ekki þekkja þær vel. Hitt veit maður þó að teiknimyndir segja einmitt sögur. Óreiðan er áhrifamikil og mann grunar að málverk Errós fjalli aðallega um tvístringinn sem einkennir nútímann en segi ekki neina eina sögu.


Yfirskrifin, Konur, er meira svona eitthvað-verður-sýningin-að-heita- yfirskrift en að hún sé virkilega sannfærandi. Jú, víst eru konur á myndunum en þær eru fremur yfirborðs-

Myndlist

Áslaug Thorlacius

legar og svo veður líka allt í körlum. Konurnar hafa ekkert meiri merkingu en annað í myndunum, merkningar er miklu fremur að leita í heildinni en einstökum persónum.

Í nokkrum myndröðunum eru konur þó í aðalhlutverkum, til dæmis í Örlagakonunum, tuttugu myndra syrpu með ofurkvendum. Mest er um alls konar teiknimyndakonur í áhættuhlutverkum – kafara, lífverði, herkonur – og flestar eru mjög vel vopnum búnað. Þó eru líka Matissekonur, Picassokonur, austurlenskar konur með mildan svip, ítalskar postulínsbrúður og



Ein af örlagakonum Errós í Hafnarhúsinu.

klassískar konur úr listasögunni.

Ég hef ekki tilheyrt aðáendaklúbbi Errós hingað til og geri svosem ekki enn en viðurkenni fúslega að mér finnst þetta mjög glæsileg sýning. Húsið á sinn þátt í því, myndir Errós hefur maður oftast séð á Kjarvalsstöðum þar sem þær njóta sín engan veginn. Jafnvel allrastærstu flekarnir eru í „eðlilegri“ stærð inni í Hafnarhúsinu í stað þess að keyra yfir áhorfandann. Magnið virkar vel, maður gengur rými úr rými og enginn endir virðist ætla að verða á málverkafloðinu. Það er í fullkomnu samræmi við myndirnar sjálfar sem flestar eru drekkhlaðnar. Persónulega er ég hrifnust af eldri myndunum, til dæmis arabisku konunum og japönsku klámmyndunum. Þær eru margar mjög fallegar en það get ég t.d. ekki sagt um teiknimyndaaverkin þó þau séu kraftmikil.


Í tengslum við sýninguna eru til sölu glæsilegar bækur með verkum Errós sem sýna vel hvernig hann nær betri og betri tökum á sínu eigin myndmáli. Og ég dáist að afköstum mannsins þótt gæðin séu ærið misjöfn.

Húsið lofar mjög góðu og það er skemmtilegt að fá að koma inn í það á meðan það er enn svona hrátt. Það er líka gaman hvað fólk virðist vera áhugasamt en mér skilst að tæplega 2000 manns hafi komið í húsið á fyrsta degi. Framkvæmdir eru rétt hafnar, vonandi verður ekki gengið of langt í breytingunum. Það er alltaf skemmtilegra að horfa á myndlist í rými með sögu, hana má ekki útmá gjórsamlega með marmara og látúni.

Með tilkomu menningarhúss á þessum stað hefur hafnarbakkinn og svæðið í kring fengið hlutverk sem útivistarsvæði. Ég óska Reykvikungum til hamingju með Hafnarhúsið, Errósafn og Listahátíð!

Hreinn sýnir í Gall-erí 20 fermetrum

Listahátíðardagana 16. maí til 7. júní sýnir myndlistar- maðurinn Hreinn Friðfinnsson í smásýningarrýmiinu 20 fermetrum að Vesturgötu 10, kjallara. Þar er opið miðviku- daga til fimmtudaga kl. 15-18.



Danski útvarpskórinn

Minnt skal á að Kammerkór Danská útvarpskórsins syngur í Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld kl. 20.30 fyrir þá sem ekki fengu miða á hátíðartónleikana í gær. Á efnisskrá verður kórtónlist eftir Ligeti, Dvorák, Kodaly, Jørgen Jersild, Per Nørgaard og fleiri.

Kórahátíð

Kórahátíðin í Tampere í Finnlandi verður dagana 9.-13. júní 1999, það er að segja eftir rúmt ár. Forsvarsmenn hátíðarinnar hvetja nú kóra heimsins, af hvaða tagi sem þeir eru, til að ákveða prógramm og æfa sig vel og senda söngprufur til Tampere fyrir 8. mars 1999 ásamt efnisskrá og mynd af kórnum. Kórar geta ákveðið efnisskrána alveg sjálfir, þó vilja hátíðar- menn leggja áherslu á a capella tónlist, það er að segja án undirleiks, og prógrammið á ekki að vera meira en 15 mínútur að lengd. Einnig verður keppni milli söng- hópa, 3-8 manna, og geta slíkir sótt um aðild með sömu skilyrðum.

Verðlaun eru veitt í lok mótsins og allir þátttakendur fá umsögn frá sérstakri dómnefnd. Upplýsingar og eyðublöð fast hjá Tampere Choir Festival, Tullikamarin- aukio 2, FIN- 33100 Tampere, Finland.

Brotahöfuð í kilju

Skáldsagan Brotahöfuð eftir Þórarín Eldjárn – sem nú er tilnefnd til evrópsku Aristeion-bókmenntaverð- launanna – kom nýlega út í kilju hjá Uglunni, íslenska kiljuklúbbum. Hún kom fyrst út hjá Máli og menningu 1996.

Brotahöfuð er söguleg skáldsaga. Haustið 1649 situr Guðmundur Andrésón, íslenskur almúgamaður frá Bjargi í Miðfirði, bak við lás og slá í Kaupmannahöfn. Hann er skólagenginn fræðimaður og skáld en hefur aldrei lært að bera tilhlýðilega virðingu fyrir yfirvöldum og það hefur komið honum í koll. Í Bláturni, einu illræmdasta fangelsi Danaveldis, veltir hann fyrir sér lífshlaupi sínu og raðar saman brotunum.

Þórarinn leggur sig sérstaklega eftir 17. aldar málfari í sögunni til að miðla betur lífssýn og hugarheimi söguhetju sinnar.

Krakkar, krakkar

Enn er rúm fyrir nokkur börn á bókmenntasmiðju í Norræna húsinu 25. til 28. maí. Þau eiga að vera fædd á árunum 1987-8.

Bókmenntasmiðjan er haldin í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Þar ætla rithöfundar frá Suður-Afríku og Norðurlöndum að semja bók með íslenskum börnum. Unnið verður daglega frá 13.30-16. Smiðjan er liður í stóru samvinnuverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Suður-Afríku. Hver Norðurlandabjóðanna sér um einn þátt á listasviðinu og komu bókmenntir- ar í hlut Íslands.

Eftir að aðskilnaðarstefnan var aflögð í Suður-Afríku var komið á skólaskyldu fyrir öll börn og eru barnabækur einn mikilvægasti þátturinn í að vinna bug á ólæsinu í landinu. Þetta er dýrmtæt tækifæri fyrir íslensk börn að leggja hönd á plóg því bókinni, sem búin verður til í Norræna húsinu, verður dreift meðal skólabarna í Suður-Afríku.

Suður-afrísku rithöfundarnir munu koma fram sem sagnapulir í klúbbi Listahátíðar í Iðni 27. maí kl. 20.30, en norrænu höfundarnir munu lesa úr verkum sínum í Norræna húsinu 26. maí. Tveir íslenskir höfundar taka þátt í bókmenntasmiðjunni, þau Sjó og Olga Guðrún Árnadóttir.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

Hið mannlega og hið dýrslega

Hún er ófögur aldamótalýsingin í skáld- sögu Marie Darrieussecq, Gyltingu; harð- neskjulegt mannlíf, síðspilt stjórnmal og kuldalegt um að listast. Sögumaður er gylta sem þárár sögu sína í útbáða og illa fengna stílabók einhvers staðar í námunda við París árið 2000. Hún rifjar upp sögu sína frá því að hún var ung stúlka í atvinnuleit nokkrum mánuðum áður og var ráðin til starfa á vafa- sama nuddstofu og segir frá þeim atburðum sem valdið hafa þessum veigamiklu breyting- um á líkama hennar.


Frásögnin af því hvernig svínsleg hegðun yfirmanna og viðskiptavina nuddstofunnar í hennar garð breytir henni smám saman í

Bókmenntir

Sigprúður Gunnarsdóttir

svín er einföld og blátt áfram. Barnsleg röddin segir frá breytingunum, andlegum og lík- amlegum, og því sem hinn síbreytilegi kroppur verður fyrir án allrar fordæmingar eða sjálfsvorkunnar, þannig að frásögnin sveifl- ast á milli þess að vera grótesk og fyndin og þess að vekja viðbjóð lesanda.

Enda hefur bókinn, sem er fyrsta skáldsaga Darrieussecq, verið túlkuð á afar ólíka máta



eins og til dæmis kemur fram í viðtali við höfundinn í DV 2. maí. Þar hvetur hún les- endur til að taka söguna ekki of alvarlega en þessi gagnrýnandi getur þó ekki annað en les- ið úr henni snarþa ádeilu á samfélag samtím-

ans og nánustu framtíðar þar sem meiri virð- ing er borin fyrir velferð dýra en manna; komið er fram við menn eins og dýr og dýr eins og menn.

En þessi ádeila er sett fram á snilldarlegan hátt. Með því að ramba ævinlega á barmi fátíðleikans, vekja hlátur meðfram viðbjóðnum, er frásögnin laus við hvers kyns fordæmingu og einfalda skiptingu heimsins í gott og vont. Sögukona er síður en svo hjartahreinni en fólkið í kringum hana og lætur lesanda alveg eftir að finna orsakir þeirra misþyrm- inga sem hún verður fyrir.

Gylting fjallar um það mannlega og það dýrslega – hvernig það rennur á stundum saman, myndar til skiptis hliðstæður og and- stæður. Gylting veitir lesendum sínum nýja sýn á samspil manna og dýra, á stöðu manns- ins í dýraríkinu og gefur orðunum „mannleg reisn“ nýja merkingu.

Þýðing Adolfs Friðrikssonar skilar hinni nafnu sögumannsrödd á sannfærandi hátt og kápu mynd Guðjóns Ketilssonar af svínslegri kvenásjónu er frábær!

Marie Darrieussecq:
Gylting
Adolf Friðriksson þýddi
Mál og menning 1998

